

Fundur haldinn í Skólaráði 15. Janúar 2019

Fundinn sátu Arna Björk Þórðardóttir fulltrúi foreldra, Magnea Einarsdóttir skólastjóri, Katrín Dagmar Jónsdóttir fulltrúi kennara, Margrét Thoroddsen fulltrúi kennara og Maríanna Guðbergsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna ásamt tveimur fulltrúum nemenda.

Í upphafi fundar talaði skólastjóri um þær breytingar sem eru í vændum í skólastarfi skólans.

Um er að ræða kennsluhætti 21. aldarinnar þar sem nemendur munu bera meiri ábyrgð á námi sínu, , teymiskennsla verður meira áberandi og hver árgangur því sem einn hópur en ekki tveir bekkir. Skólastjóri og deildarstjóri sérkennslu hafa verið á námskeiði í vetur á vegum bæjarins til að vinna að framtíðarskipulagi skólastarfsins í skólanum með kennsluhætti 21. aldarinnar í huga.

Eins kom fyrirlesari með kynningu á kennsluháttum 21. aldarinnar fyrir kennara og fyrirhuguð er ferð Árskóla í Skagafirði með vorinu til að heimsækja skólann þar sem þessir kennsluhættir eru viðhafðir.

Nemendur í nemendaráði skólans komu á fundinn. Rætt var um starfið í Igló og eru það frekar yngri nemendur unglingastigsins sem mæta á opin hús. Eldri nemendur fara oftar í aðrar félagsmiðstöðvar í bænum.

Nemendur segjast vera bara nokkuð ánægðir með skólann sinn, en nefndu þó nokkur atriði sem betur mætti fara eins og vera með kynjaskipt í sundi, lengri íþróttatíma, vera með tíma fyrir heimanám í skólanum, of mörg próf, vilja aftur ostaslaufur og kleinur í morgunmat ekki bara hafragraut og mæta seinna í skólann á morgnana.

Þeir vilja einnig fjölbreyttara val og þar efst á blaði er að setja upp söngleiki eða leikrit á stignu og hafa tónmennt.

Magnea kynnti fyrir þeim þemaverkefni sem verður unnið í 8. og 9. bekk á vorönn, þar sem nemendur velja sér sjálfir verkefni og ráða útfærslu á því. Þeir geta leitað eftir aðstoð hjá kennara og verða að halda dagbók (bloggi) hvernig gengur. Foreldrar fá kynningarbréf á verkefninu frá skólanum allra næstu daga. Á vordögum flytja nemendur svo verkefni sín fyrir foreldrum.

Anna Mjöll Sigurðardóttir ritari